



Morgunblaðið/Heiddi

Miðlægt gagnakerfi Þórður Ingason segir miðlægt gagnakerfi vera mjög handhægt í notkun.

Tímasparnaður og aukin afköst

Miðlægt gagnakerfi til að nota við tímaskráningu á vinnusvæðum og í bíla til að fylgjast með afköstum og eftirliti auðveldar hagræðingu.

Eftir **Maríu Ólafsdóttur**
maria@mbl.is

Tímon tíma- og verkskráningakerfið fyrir starfsmenn, ásamt flotastýringu fyrir bíla, eru hluti af svokallaðri Trackwell-forðastýringu. Hvoru tveggja stuðlar að því að hámarka afköst og nýtingu og starfsmenn skrá verk sín með síma eða á vef. Þannig hafa yfirmenn alltaf rauntíma-upplýsingar um stöðu mála.

Þægilegt kerfi

„Þegar fyrirtæki taka upp Trackwell-forðastýringu þá er enginn hug- eða vélbúnaður settur upp heldur liggur allt miðlægt hjá Trackwell þar sem þetta er veflausn. Það er því afar þægilegt að innleiða kerfið. Settar eru reglur um hvernig símar eru notaðir og ákveðið hver getur stimplað úr hvaða síma. Þannig getur það ýmist verið verkstjóri sem sér um að skrá hóp, hver starfsmaður noti sinn síma eða að allir skrái sig í

tiltekinn síma sem settur er upp á vinnusvæði. Um leið og viðkomandi hefur lokið skráningunni fara allar upplýsingar beint í rafrænan gagnagrunn sem verkstjóri eða launafulltrúi hefur aðgang að og getur fylgst með stöðu mála. Þannig fæst greinargott yfirlit yfir framþróun verka, áfallinn kostnað og annað sem þeim fylgja,“ segir Þórður Ingason, sölustjóri hjá Trackwell.

Bílaflotinn nýttur betur

Trackwell-flotastýring tekur við skeytum frá ökutækjum á nokkurra sekúndna fresti, en hún er sambyggð skráningar- og staðsetningarbúnaði. Flotastjórinn fylgist með ferðum flotans í rauntíma og hámarkar nýtingu hans með aðstoð kerfisins. Þórður segir þetta umhverfi vera viðbrigði fyrir marga bílstjóra sem hafa vanist því að vera einir úti að aka en með þessu móti geti fyrirtæki bætt árangur sinn verulega. Það liggja í því að hægt sé að vita nákvæmlega hvar bílarnir séu staðsettir á hverjum tíma og gera nákvæmari áætlanir um notkun. Eins sé hægt að hafa áhrif á aksturslagið þar sem hægt sé að ná niður hraða sem lækki rekstrarkostnað, fari betur með bílana og skapi góða ímynd í umferðinni.

Auðveldar yfirlit og eftirlit

„Kostnaðarvitund fyrirtækja og vilji til að hagræða og ná betri tökum á starfseminni er vaxandi þáttur í nútíma stjórnun. Með

forðastýringu frá Trackwell geta fyrirtæki fylgt verkferlum sem gera þeim kleift að ná verulegri hagræðingu í rekstri með bættri skráningu og fullkominni yfirsýn yfir forða fyrirtækisins. Rútu-fyrirtæki bera saman eknar vegalengdir og tilboð og hafa eftirlit með að áætlun sé haldið, steypustöðvar áætla framleiðslumagn út frá afköstum flotans og í fraktflutningum er til dæmis fylgst með veðri og óvæntum stöppum í öryggisskyni. Hugbúnaðinum fylgir einnig fyrirbyggjandi viðhaldsáætlun sem lætur vita með gulum og síðan rauðum lit þegar skóða þarf bremsurnar, skipta um olíu og þar fram eftir götunum. Þannig auðveldar kerfið allt eftirlit og getur komið í veg fyrir tjón,“ segir Þórður.

Kjarnalausnum steipt saman

Fyrirtækið var stofnað árið 1996. Fyrsta verkefni þess var að skrifa sjálfvirka tilkynningaskyldukerfið fyrir íslenska fiskiskipafлотann. Viðskiptavinir Trackwell hafa náð miklum árangri í rekstri með notkun Trackwell-forðastýringar. Um 300 íslensk fyrirtæki, í öllum geirum atvinnulífsins, nota þjónustuna til að stýra og hafa eftirlit með um 2.000 farartækjum og 30.000 starfsmönnum. Trackwell hefur selt vörur og þjónustu til nítján landa í fimm heimsálfum og rekur dótturfyrirtækið Trackwell ADS í Ameríku.